

Krakkapaulinn með Ferðafélagi Akureyrar 2023

Steinmenn á Súlumýrum ofan Akureyrar

Nokkrir skemmtilegir klettadrangar standa á Súlumýrum í 500 m hæð, þeir líkjast steinmönnum sem horfa yfir Akureyri því þaðan er mikið og fallegt útsýni í allar áttir.

Best er að leggja bílum við tjaldsvæðið að Hömrum og ganga þaðan upp í Gamla sem er gamall skátaskáli. Nokkrar leiðir þangað kom til greina því talsvert er um stíga á leiðinni. Síðan er haldið áfram upp á við að Steinmönnum eftir stíkaðri leið. Sama leið farin til baka.

Nauðsynlegt er að vera í góðum skóm og klæða sig eftir veðri. Hafa vatn og nesti með.

Þið sem takið þátt í leiknum og gangið að Steinmönnum eruð hvött til að taka með ykkur blað og blýant og spreyta ykkur á að teikna steinkarlana og skila myndunum til FFA um leið og þið skilið inn þátttökublöðunum. Það er líka gaman að stilla sér upp með steinmönnum og láta taka af sér mynd.

Gengin er sama leið til baka.

Vegalengd báðar leiðir er 7 - 8 km. Gönguhækkun 400 m.

ATHUGIÐ: Barna- og fjölskyldunefnd FFA er með skipulagða ferð að Steinmönnum með leiðsögn 1. júlí og tilvalið að nýta sér það. Sjá nánar á ffa.is og þar fer einnig fram skráning í ferðina. Barna- og fjölskylduferðir FFA eru fríar.